

AUGLÝSING

114

5. okt.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 10. okt. þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 3% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt er auglýsing frá 14. sept. 1936, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, úr gildi felld.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. október 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

115

11. okt.

um breytingu á reglugerð nr. 7 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

1. gr.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi ákvæði:

Allir, sem koma hingað til landsins frá útlöndum, hvort sem eru farþegar eða skipverjar, skulu á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi, gefa og afhenda tolleftirlitsmanni skýrslu um það, hversu mikinn erlendan gjaldeyri þeir hafi meðferðis eða flytji til landsins frá útlöndum, svo og skuldbinding um það, að afhenda hann einungis bönkum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

Tolleftirlitsmenn skulu síðan senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd yfirlýsingar þessar, ásamt eftirriti af farþegalista og skipshafnarlista.

Fjármálaráðuneytið lætur gera og afhendir tolleftirlitsmönnum til útbýtingar eyðublöð undir skýrslu þá og skuldbinding, sem ræðir um í 2. mgr. þessarar gr.

Tolleftirlitsmenn samkvæmt reglugerð þessari eru tollstjórinn í Reykjavík, bæjarfógetar í kaupstöðum, sýslumenn í sýslum eða umboðsmenn þeirra, lög-reglustjórar í kauptúnum og sérstakir tollgæzlumenn.

Fjármálaráðuneytið veitir, ef því þykir ástæða til eftir atvikum, undanþágu frá fyrirmælum 2. mgr. fyrir farþega á skemmtiferðaskipum.

2. gr.

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi:

En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna.

3. gr.

3. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Það er bannað bæði að flytja eða ráðstafa til útlanda íslenzkum peningaseðlum, íslenzkri skiptimynt, ávísunum eða víxlum eða skuldabréfum eða öðrum skuldbindingum, sem hljóða um greiðslu í íslenzkri mynt eða eiga að greiðast í íslenzk-